

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Forðast gildru syndarinnar

Öldungur Jairo Mazzagardi
af hinum Sjötú

Það var á fallegum sólríkum morgni sem ég bauð nærri því átta ára gamalli sonardóttur minni, Vicky, í göngutúr hjá nærliggjandi vatni, sem í raun er vatnsforði fyrir fallegu borgina okkar.

Við gengum hamingjusöm og hlustuðum á kristaltæran lækinn liðast meðfram stígnum okkar. Við stíginn voru falleg græn tré og blóm sem lyktuðu af sætri angan. Við heyrðum fugla syngja.

Ég spurði glaðværa, saklausa og bláeygða sonardóttur mína hvernig hún væri að búa sig undir skírn.

Hún svaraði með spurningu: „Afi, hvað er synd?“

Ég bað hljóðlega um innblástur og reyndi svo að útskýra á eins einfaldan hátt og ég gat: „Synd er vísvitandi óhlýðni við boðorð Guðs. Syndin gerir himneskan föður sorgmæddan og afleiðingar hennar eru þjáning og hryggð.“

Hún var greinilega áhyggjufull er hún spurði mig: „Og hvernig nær hún okkur?“

Spurning þessi sýnir fyrst og fremst hreinleika en hún afhjúpar einnig íhugun um hvernig hægt sé að forðast synd.

Ég notaði náttúruna í kringum okkur til að útskýra, svo hún gæti betur skilið. Er við héldum áfram stíginn sáum við hjá gaddavírsgirðingunni einni stóran steinstaur og uxu blóm, runnar og lítil tré í kringum hann. Plönturnar myndu með tímanum verða hærri en staurinn sjálfur.

Ég mundi eftir því að aðeins lengra eftir stígnum var annar staur sem hafði algjörlega fallið í skuggann af gróðrinum sem smám saman óx í kringum hann og var hann því nær ósjáanlegur. Ég ímynda mér að staurnum hefði ekki komið til hugar að þetta gæti gerst. En þrátt fyrir styrk sinn hafði hann lotið í lægra haldi fyrir veikburða plöntunum. Staurinn hefði hugsað: „Ekkert mál. Ég er stór og sterkur og þessi litla jurt getur ekki valdið mér skaða.“

Þannig tekur staurinn ekki eftir því í fyrstu er nálægt tré tekur að vaxa, síðan finnst staurnum gott að fá skuggann sem tréð veitir. En tréð heldur áfram að vaxa og það umlykur staurinn með tveimur greinum, sem í fyrstu virðast veikburða en með tímanum fléttast saman og umkringja staurinn.

Samt tekur staurinn ekki eftir því sem er að gerast.

Stuttu síðar á göngu okkar fundum við umræddan staur. Honum hafði verið lyft upp úr jörðinni. Sonardóttur minni fannst mikið til koma og spurði mig: „Afi, er þetta tré syndarinnar?“

Síðan útskýrði ég fyrir henni að tréð væri einungis tákn eða dæmi um hvernig syndin nær okkur.

Ég veit ekki hver áhrif samtals okkar verða á hana en samtalið fékk mig til að hugsa um hin mörgu andlit syndarinnar og hvernig hún læðist inn í líf okkar, ef við leyfum henni það.

Við verðum að vera á verði vegna þess að litlar ákvarðanir, eins og að ganga snemma til náða og rísa árla úr rekkju, geta haft miklar afleiðingar. Kenning og sáttmálar 88:124 kennir okkur: „... Rísið árla úr rekkju, svo að líkami yðar og hugur glæðist.“ Þeir sem fara snemma að sofa vakna hvíldir, endurnærðir á líkama og í huga og hljóta blessanir Drottins vegna hlýðni.

Það sem virðist ekki skipta máli, eins og að fara seint að sofa, sleppa því að biðja bænir í einn dag, sleppa föstunni eða rjúfa helgi hvíldardagsins – lítil mistök – gera okkur smám saman ónægari og opna okkur leið til að gera verri hluti.

Þegar ég var táningur þurfti ég að vera kominn heim fyrir klukkan tíu á kvöldin. Í dag virðist þetta vera sá tími sem sumir eru á leiðinni út að skemmta sér. Samt vitum við að það er á kvöldin sem sumt af því versta gerist. Það er á myrkvum stundum sem sumir unglingar fara á óviðeigandi staði, þar sem tónlist og söngtextar ræna þá samfélagi heilags anda. Við þær aðstæður verða þau syndinni auðveld bráð.

Oft hefst það ferli, að verða syndinni að bráð, með því að einhver velur vini sem ekki hafa sömu staðla og kirkjan kennir. Til þess að komast inn í vinahóp jafnaldra sinna, hættir viðkomandi að fara eftir reglum og lögmálum fagnaðarerindisins og heldur inn á veg sem einungis mun færa honum og ástvinum hans sársauka og hryggð.

Við verðum að vera á varðbergi, svo syndin vaxi ekki í kringum okkur. Birtingarmyndir syndar eru alls staðar – jafnvel, til dæmis, í tölvum og farsímum. Þessi tækni er nytsamleg og getur fært okkur mikinn ávinning. En óviðeigandi notkun hennar – eins og að festast í tímasóandi leikjum eða öðru sem leiðir okkur út í líkamlegar nautnir, eða það sem mun verra er, líkt og klámefni – er eyðileggjandi.

Klám eyðileggur persónuleika og veldur því að viðkomandi sekkur í kviksyndi óþverra, þaðan sem hann getur einungis sloppið frá með mikilli hjálp.

Þetta hræðilega skrýmsli veldur sársauka og þjáningu, bæði fyrir notandann og einnig saklaus börn hans, maka, föður og móður. Ávöxtur líkamlegrar nautnar er biturleiki og eymd. Ávöxtur hlýðni og fórnar er sætleiki og ævarandi gleði.

Ákvarðanir varðandi reglur sem fara á eftir verður að taka í tíma en ekki á þeirri stundu þegar freistingin birtist. Við verðum að setja okkur mörk:

- Ég mun gera þetta af því það er rétt, það kemur frá Drottni og það mun færa mér hamingju.
- Þetta mun ég ekki gera því það mun draga mig frá sannleikanum, frá Drottni og frá þeirri eilífu hamingju sem hann lofar hinum trúföstu og hlýðnu.

Faðirinn vissi að við myndum stundum velja rangt og í sinni dásamlega kærleiksríku áætlun, sá okkur því fyrir frelsara, sem friðþægja myndi fyrir syndir allra þeirra sem iðrast og koma til hans leitandi eftir hjálp, huggun og fyrirgefningu; og þeirra sem fúsir eru til að taka á sig nafn hans – Jesú Krists.

Við verðum að leita fljótt hjálpar ef við syndgum, því við getum ekki sloppið úr gildru syndarinnar einsömul, rétt eins og umræddur staur gat ekki losnað sjálfur. Einhver verður að hjálpa okkur að brjótast úr hinu banvæna faðmlagi.

Foreldrar geta hjálpað og biskupinn er kallaður af Guði til að hjálpa okkur. Við verðum að fara til hans og ljúka upp hjörtum okkar.

Kenning og sáttmálar 58:42–43 útskýrir:

„Þeim sem hefur iðrast synnda sinna er fyrirgefið, og ég, Drottinn, minnst þeirra ekki lengur.

Þannig getið þér vitað hvort maðurinn iðrast synnda sinna – sjá, hann játar þær og lætur af þeim.“

Nokkrum mánuðum eftir göngu okkar við vatnið fór sonardóttir mín í skírnarviðtal til biskups síns – föður síns. Eftir viðtalið spurði ég hana hvernig gengið hefði. Hún svaraði mér, næstum ávítandi: „Afi, viðtöl eru trúnaðarmál. Þú veist það.“

Biskupar, ég vona að þið takið þessu svari alvarlega. Mér virðist skilningur barnabarns míns hafa aukist mikið á stuttum tíma.

Rétt eins og tréð, sem ég hef lýst, færði hryggð, sársauka, þjáningu og sjálfheldu, þá getur annað tré fært hið gagnstæða. Frá þessu tré segir í 1. Nefí 8:10–12:

„Og svo bar við, að ég sá tré, sem bar girnilegan ávöxt til þess fallinn að færa mönnum hamingju.

Og svo bar við, að ég sté fram og neytti af ávexti þess. Og ég fann að hann var mjög gómsætur, sætari en allt annað, sem ég hafði nokkru sinni áður bragðað. Já, og ég sá, að ávöxtur þessi var hvítur, hvítari en allt annað, sem ég hafði nokkru sinni áður séð.

Og þegar ég neytti af ávexti þess, varð sál mín gagnatekin ákaflega miklum fögnuði“.

Kæru bræður og systur, verið sterk og takið góðar ákvarðanir sem munu leyfa ykkur að njóta af ávextinum af lífsins tré. Ef þið hafið, einhverra hluta vegna gert mistök eða vikið af vegi, þá réttum við ykkur hönd og segjum: „Komið. Það er von. Okkur þykir vænt um ykkur og við viljum hjálpa ykkur að vera hamingjusöm.“

Himneskur faðir elskar okkur svo mikið að hann gaf sinn eingetna son, Jesú Krist.

Jesús Kristur elskar okkur svo mikið að hann fórnaði lífi sínu til að friðþægja fyrir syndir okkar!

Hverju erum við tilbúin að fórna til að vera hrein og hljóta þessa gleði?

Ég ber vitni um þennan sannleika, í hinu heilaga nafni Jesú Krists, amen.